

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/08

frá 13. júní 2000

um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði og léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar(*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 804)

(2000/447/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

þessum tveimur aðferðum skuli beitt, að því er varðar hverja vöru eða vöruflokk, þar eð ákveðin kerfi eru tekin fram yfir önnur í III. viðauka.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur⁽¹⁾, sem var breytt með tilskipun 93/68/EBE⁽²⁾, einkum 4. mgr. 13. gr.

- 4) Aðferðin, sem um getur í a-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í fyrsta kosti, án stöðugs eftirlits, og í öðrum og þriðja kosti í ii-lið 2. þáttar í III. viðauka. Aðferðin, sem um getur í b-lið 3. mgr. 13. gr., svarar til kerfanna sem eru tilgreind í i-lið 2. þáttar III. viðauka og í fyrsta kosti í ii-lið 2. þáttar í III. viðauka með stöðugu eftirliti.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þegar staðfesta á samræmi vöru skal framkvæmdastjórnin velja á milli aðferðanna tveggja sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. í tilskipun 89/106/EBE og velja „auðveldustu aðferðina af þeim sem samrýmast öryggissjónarmiðum“. Þetta merkir að nauðsynlegt er að ákveða, með tilliti til ákveðinnar vöru eða vöruflokks, hvort framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju sem framleiðandi ber ábyrgð á, er nauðsynlegt og fullnægjandi skilyrði fyrir staðfestingu á samræmi eða hvort þörf er á afskiptum viðurkennds vottunaraðila af ástæðum er varða samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 4. mgr. 13. gr.
- 2) Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. skal aðferðin, sem þannig er valin, tilgreind í umboðunum og tækniforskriftunum. Því er æskilegt að nota sömu skilgreiningu á hugtakinu vörur eða vöruflokkur og notuð er í umboðunum og tækniforskriftunum.
- 3) Aðferðunum tveimur, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr., er lýst ítarlega í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE. Því er nauðsynlegt að tilgreina með skýrum hætti, með hliðsjón af III. viðauka, hvernig

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um byggingarmál.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreindir í I. viðauka, með aðferð þar sem framleiðandinn ber einn ábyrgð á framleiðslustýringarkerfi í verksmiðju sem tryggir að vara sé í samræmi við viðeigandi tækniforskriftir.

2. gr.

Staðfesta skal samræmi vara og vöruflokka, sem eru tilgreindir í II. viðauka, með aðferð þar sem gert er ráð fyrir, til viðbótar við framleiðslustýringarkerfi í verksmiðjunni sem framleiðandinn starfrækir, þátttöku viðurkennds vottunaraðila við mat og eftirlit með framleiðslustýringunni eða vörunni sjálfri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 180, 19.7.2000, bls. 40, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 1.

3. gr.

Tilgreina skal aðferðina, sem nota skal til að staðfesta samræmi eins og fram kemur í III. viðauka, í umboðum fyrir viðmiðunarreglur um evrópskt tæknisamþykki.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júní 2000.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***Forsmiðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði:**

Til notkunar í byggingar, að undanskilinni þeirri notkun sem stuðlar að burðarþoli byggingarinnar og/eða þeirri notkun sem heyrir undir reglur um brunaviðbrögð að því er varðar vörur úr efnun í flokkum A (*), B (*), C (*), A_{FL} (*), B_{FL} (*) og C_{FL} (*).

Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar:

Til notkunar í byggingar, að undanskilinni þeirri notkun sem heyrir undir reglur um brunaviðbrögð að því er varðar vörur úr efnun í flokkum A (*), B (*) og C (*).

*II. VIÐAUKI***Forsmiðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði:**

Til notkunar, sem stuðlar að burðarþoli bygginga og/eða notkunar sem heyrir undir reglur um brunaviðbrögð að því er varðar vörur úr efnun í flokkum A (*), B (*), C (*), A_{FL} (*), B_{FL} (*) og C_{FL} (*).

Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar:

Til notkunar í byggingar, sem heyrir undir reglur um brunaviðbrögð að því er varðar vörur úr efnun í flokkum A (*), B (*) og C (*).

(*) Efni sem geta breyst, hvað nothæfi varðar, með tilliti til viðbragða við bruna, á meðan á framleiðsluferlinu stendur (Yfirleitt er um að ræða byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvamarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna).

III. VIÐAUKI

Ath: Vegna vara, sem hafa fleiri en eitt þeirra áformuðu notkunargilda, sem eru tilgreind í eftirtöldum vöruflokkum, safnast verkefnið upp sem viðurkenndur aðili tekst á hendur í tengslum við viðkomandi kerfi til staðfestingar á samræmi.

VÖRUFLOKKUR

FORSMÍÐAÐAR SAMLOKUBURÐARKLÆÐNINGAR ÚR VIÐI OG LÉTTAR, SAMSETTAR, SJÁLFBERANDI KLÆÐNINGAR (1/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vörur	Áformuð not	Stig eða flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði	Til notkunar sem stuðlar að burðarþoli byggingarinnar	—	1
Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar	Til notkunar sem stuðlar að styrkingu byggingarinnar	—	3

1. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, i-lið 2. þáttar III. viðauka, án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

FORSMÍÐAÐAR SAMLOKUBURÐARKLÆÐNINGAR ÚR VIÐI OG LÉTTAR, SAMSETTAR, SJÁLFBERANDI KLÆÐNINGAR (2/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vörur	Áformuð not	Stig eða flokkar (brunaþol)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði	Til notkunar sem heyrir undir reglur um brunaþol (t.d. brunahólfun)	Öll stig/allir flokkar	3
Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar			

3. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

FORSMÍÐAÐAR SAMLOKUBURÐARKLÆÐNINGAR ÚR VIÐI OG LÉTTAR, SAMSETTAR, SJÁLFBERANDI KLÆÐNINGAR (3/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vörur	Áformuð not	Stig eða flokkar (viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði	Til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	A (*), B (*), C (*) A _{FL} (*), B _{FL} (*), C _{FL} (*)	1
		A (**), B (**), C (**) A _{FL} (**), B _{FL} (**), C _{FL} (**)	3
		A (***), D, E, F A _{FL} (***), D _{FL} (*), E _{FL} (*), F _{FL} (*)	4
Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar	Til notkunar sem heyrir undir reglur um viðbrögð við bruna	A (*), B (*), C (*)	1
		A (**), B (**), C (**)	3
		A (***), D, E, F	4

1. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, i-lið 2. þáttar III. viðauka, án úttektarprófunar á sýnum.

3. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

4. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

(*) Efni sem geta breyst, hvað nothæfi varðar, með tilliti til viðbragða við bruna, á meðan á framleiðsluferlinu stendur (Yfirleitt er um að ræða byggingarvörur sem verða fyrir efnabreytingum, t.d. eldvamarefni, eða byggingarvörur þar sem breyting á samsetningu getur leitt til breytinga á nothæfi með tilliti til viðbragða við bruna).

(**) Efni sem ekki breytast, hvað nothæfi varðar, með tilliti til viðbragða við bruna, meðan á framleiðsluferlinu stendur.

(***) Efni í A-flokki en samkvæmt ákvörðun 96/603/EB er þess ekki krafist að þau séu prófuð með tilliti til viðbragða við bruna.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

FORSMÍÐAÐAR SAMLOKUBURÐARKLÆÐNINGAR ÚR VIÐI OG LÉTTAR, SAMSETTAR, SJÁLFBERANDI KLÆÐNINGAR (4/6)

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópski tæknisamþykki:

Vörur	Áformuð not	Stig eða flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði	Til notkunar sem heyrir undir reglur um nothæfi með tilliti til bruna af völdum elds utanfrá	Vörur sem þarfnast prófunar	3
Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar		Vörur sem teljast fullnægjandi án prófunar(*)	4

3. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

4. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

(*) Skal staðfest að höfðu samráði við brunaefirlitsnefnd.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

**FORSMÍÐAÐAR SAMLOKUBURÐARKLÆÐNINGAR ÚR VIÐI OG LÉTTAR, SAMSETTAR, SJÁLFBERANDI
KLÆÐNINGAR (5/6)**

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vörur	Áformuð not	Stig eða flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar	Til notkunar sem heyrir undir reglur um hættuleg efni (*)	—	3

3. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, annan kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

(*) Einkum þau hættulegu efni sem skilgreind eru í tilskipun ráðsins 76/769/EBE, með áorðnum breytingum.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.

VÖRUFLOKKUR

**FORSMÍÐAÐAR SAMLOKUBURÐARKLÆÐNINGAR ÚR VIÐI OG LÉTTAR, SAMSETTAR, SJÁLFBERANDI
KLÆÐNINGAR (6/6)**

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér að aftan, eru Evrópusamtökin um tæknisamþykki beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi viðmiðunarreglum um evrópskt tæknisamþykki:

Vörur	Áformuð not	Stig eða flokkar	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Forsmíðaðar samlokuburðarklæðningar úr viði Léttar, samsettar, sjálfberandi klæðningar	Til annarra nota en þeirra sem tilgreind eru fyrir vöruflokkana (1/6), (2/6), (3/6), (4/6) og (5/6)	—	4

4. kerfi: Sjá tilskipun 89/106/EBE, þriðja kost í ii-lið 2. þáttar III. viðauka.

Forskrifin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar neinar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í minnst einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjölunum). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.